

# LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Atvinnuveganefnd Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Gunnarsholti, 20. janúar 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á jarðalögum, nr. 81/2001, með síðari breytingum (landnotkun og sala ríkisjarða), 74. mál**

Landgræðsla ríkisins hefur tekið til skoðunar nefndarálit með breytingatillögu um frumvarp til laga um breytingu á jarðalögum nr. 81/2004.

Nýtt ákvæði er þar að finna en það tekur til kaupréttar ákveðinna aðila á landi er Sandgræðsla Íslands (nú Landgræðsla ríkisins) eignaðist, aðallega um og fyrir miðja síðustu öld.

Landgræðsla ríkisins telur þá leið sem lagt er til að farin verði mjög slæma og verulegum erfiðleikum bundna í ljósi þeirrar útfærslu sem gert er ráð fyrir, sem er röng að mati stofnunarinnar. Ákvæðið er alls ófullnægjandi og í raun ljóst að með samþykkt þess í óbreyttri mynd er ljóst að gengið verði verulega á hagsmuni ríkisins. Landgræðsla ríkisins mælist því eindregið til þess að þessi breytingatillaga verði dregin til baka.

Þá vill stofnunin benda á að í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er hafin vinna við endurskoðun nágildandi laga um landgræðslu. Eitt þeirra atriða sem tekið verður til skoðunar er einmitt kaupheimild/réttur jarðeigenda sem ríkisland áður tilheyrði. Sá vettvangur er réttur til að endurskoða þessi málefni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslu ríkisins

Sveinn Runólfsson,  
landgræðslustjóri.

Ljósrit send:

Jarðeignum ríkisins, Fjármála og efnahagsráðuneyti.

Umhverfis og auðlindaráðuneyti, Jóni Geir Péturssyni.